

## **? . fundur æskulýðsnefndar LH 2024-2026**

**2. október 2025 kl. 20:30**

### **Fjarfundur**

Mætt: Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, G. Linda Björgvinsdóttir, Jón Þorberg Steindórsson, Rakel K. Sigurhansdóttir, Stefán G. Stefánsson og Þórhildur Katrín Stefánsson.

Boðuðu foföll: Ellen Ýr Gunnlaugsdóttir og Sigurbjörn Eiríksson.

Mættu ekki: Ástríður Magnúsdóttir.

Fundargerð ritar: Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

#### **1. Rætt um fundartíma fjarfunda**

- Lagt til að halda óbreyttum fundartíma; hádegisfundur 2. þriðjudag í mánuði og kvöldfund kl 20:30 4. þriðjudag í mánuði.
  - Óbreytt skipulag samþykkt.
- Lagt var til að haldin sé staðarfundur til að vinna úr efni fundarherferðar og ákveða frekari fundi með félögunum og efni þeirra.
  - Ákvörðun um fundartíma frestað en stefnt á að halda staðarfund fyrir áramót.

#### **2. Nefnd upplýst um að Sigurbjörn Eiríksson sé tekin við Afreks- og landsliðsnefnd og kveður því æskulýðsnefnd.**

#### **3. Rætt um bréf sem Kathrin Schmitt sendi æskulýðsnefnd varðandi hestafimleika.**

- Ákveðið að þiggja boð Kathrin Schmitt að halda með henni fund um hestafimleika og bjóða stjórn LH, Öryggisnefnd LH og Keppnisnefnd LH á þann fund.
  - Formaður æskulýðsnefndar ræðir við Kathrin varðandi hentugarn fundartíma og upplýsir nefndina og býður ofangreindum aðilum á fundinn.

#### **4. Fjölskyldudagur LH: Of stuttur fyrirvari síðastliði vor og áður rætt um að reyna hafa fjölskyldudag á fleiri stöðum á landinu sama daginn.**

- Jón Þorbergur og Rakel finna dagsetningu fyrir fjölskyldudag LH
- Stefnum á að taka umræðuna við formenn æskulýðsnefnda á formannafundi LH og óskum eftir félagi í hverjum landshluta til að hýsa viðburðin á sínu svæði. Fulltrúar æskulýðsnefndar munu halda yfirsýn og vera ráðgefandi.

#### **5. Æskulýðsskýrslur félaganna**

- Búið að senda póst á alla æskulýðsfulltrúa og óska eftir skýrslum fyrir 19 október. Formaður sendir ýtrekun þegar nær dregur skiladegi. Mögulegt er að framlengja skilafresti um viku ef nefndin telur þörf á.

#### **6. Fulltrúar stjórnar innan nefndarinnar upplýsa að innan stjórnar hefur verið til umræðu þátttaka drengja í íþróttinni.**

- Rætt um að óska eftir tölum frá ÍSí um fjölda iðkenda undir 18 ára aldri innan aðildarfélaga LH og flokka eftir kynjum til að sjá hver raunstaða drengja er í íþróttinni.
7. Handbók æskunnar
    - Rætt um að nefndin þurfti öll að koma að þeirri vinnu og stefnt á að koma henni út í vetur.
  8. Æskan og hesturinn. Þurfum að kalla formenn æskulýðsnefnda Fáks, Harðar, Sóta, Sprettis og Sörla til að kanna hvort áhugi sé fyrir að endurvekja sýninguna.
    - Ef ekki áhugi hjá félögunum þá til skoðunar hjá æskulýðsnefnd LH að halda æskulýðssýningu næsta vor.
  9. Formaður upplýsir nefndina að FEIF Youth Cup 2026 verði haldið í Ríden í Suður-Þýskalandi daganna 13. – 19. Júlí. Nefndin ræðir ókost þess að Landsmót sé jafn seint og nú þar sem það endar 11 júlí sem veldur því að mjög knappur tími er á milli mótanna og því mikilvægt að reyna finna hesta á einum hentugum stað þar sem hópurinn sem valinn verður hefur lítinn tíma til ferðarinnar og að prófa lánshesta. Rætt um að bæta inn í umsóknarferlið að umsækendur sendi myndband með umsókn þar sem þau sýna 4-5 gangtegundir. Getur gagnast við að para saman knapa og hest.
  10. Formaður segir frá hvernig FEIF Youth Camp sem haldin var á Hvanneyri 9.-urinn gekk mjög vel. Hvanneyri með framúrskarandi aðstöðu og mjög sanngjarnt verð.

Fundi slitið kl 21:35

Næsti fundur hádegisfundur 14. október.